

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sæbýli rekstur ehf. Ægisgata 1, Grindavík



Dags eftirlits	13.3.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sæbýli rekstur ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Ægisgötu 1 240 Grindavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630421 0980	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Ari Guðjónsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ásgeir Guðnason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti og ein ábending var sett fram.

Rekstraraðili er með starfsemi utan þess svæðis sem skilgreint er í starfsleyfinu. Sjá grein 1.2

Rekstraraðili hefur ekki skilað ársyfirliti fyrir árið 2022 eins og kröfur eru um í starfsleyfinu. Sjá gr. 4.4

Rekstraraðila er bent á að sækja um heimild fyrir rekstri sæeyrna á Reykjanesi og Sandgerði á meðan eldgos og jarðhræringar standa yfir í Grindavík.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Viðstaddir eftirlitið voru Ásgeir Guðnason og Sveinn Guðjónsson frá Sæbýli rekstri ehf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Eldið í Grindavík (Ægisgata 1) er nýleg starfsemi (2022) en jarðskjálftar og eldgos hafa haft mikil áhrif á reksturinn, enda orðið vatnslaut og rafmagnslaut í verstu hryðjunum. Farið var í neyðaraðgerðir og hluti eldisdýranna fluttur í Þekkingarsetrið í Sandgerði og eins í aðstöðu á lóð Stolt Sea Farm við Reykjanesvirkjun til þess að lágmarka áhættu.

Eftirlitið hófst með fundi og farið var yfir dagskrá sem lögð hafði verið fyrir við boðun eftirlitsins:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa fiskeldisins
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi frá 24. janúar 2022
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Starfsleyfið tekur til landeldis á sæeyrum og má hámark lífmassa ekki fara yfir 200 tonn á hverjum tíma. Rekstraraðili hefur árum saman þróað upp heilbrigðan klakstofn sæeyrna sem eru sæsniglar af ættkvíslinni Haliotis. Rekstraraðili er bæði með sæsnigla ættaða frá ströndum Kaliforníu (red) og eins japanska sæsnigla (ezo). Eldisvökví (sjór) er fenginn úr borholu við húsveg stöðvarinnar og er borholan um 40 m að dýpt og sjógæði eru góð. Heitt vatn er keypt af HS Orku en kjörhiti sæeyrna er 18 – 20 °C. Eldisvökvinn er hreinsaður í uppstreymissíu sem hreinsar grugg úr eldisvatninu og breytir ammóníaki í nitrít – nitrát. Notað er svokallað SustainCycle eldiskerfi sem notar og endurnýtir yfir 80% alls eldisvökvans. Losunarmörk í frárennsli eru sett fyrir fosfór og má fosfór ekki fara fram úr 10 kg á tonn af lífmassaaukningu á ári. Mæla skal magn heildarfosförs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við losun fráveituvatns frá stöðinni í fráveitukerfi a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki.

Þess utan skal taka sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og áður en fráveituvatn er losað í fráveitukerfi Grindavíkurbæjar. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) a.m.k. tvisvar á ári.

Að hluta til eru dýrin fóðruð á þörungagróðri (þara) en einnig á aðkeyptu fóðri. Fóðurstuðull er áætlaður um 0,7 og lítið fóður fer til spillis.

Lítil efnanotkun er í eldinu. Þó einhver sóttreinsiefni og efni til þess að stilla af sýrustig og til þess að örva eldisdýr til hrygningar og eins önnur efni til svæfinga o.s.frv.

Í áætlun um meðferð úrgangs er miðað við að árlegt magn úrgangs frá eldinu sé innan við tonn á ári. Þar af er áætlað að dauð eldisdýr séu um 50 kg á ári. Annar úrgangur er flokkaður en helst er um að ræða umbúðir, einnota hanska og pappírspurrkur.

Enginn olíugeymir er í notkun en varaafstöð með litlum daggeymi er í notkun hjá rekstraraðila.

2. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 24. janúar 2022 og setur ákveðnar kröfur á rekstraraðila. *Fjórar skriflegar áætlanir* skulu vera til staðar í fyrirtækinu; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, áætlun um meðhöndlun úrgangs, áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli eldisstöðvarinnar og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Áætlanir hafa verið sendar til eftirlitsaðila og eru hér ekki gerðar athugasemdir við þær.

Samkvæmt starfsleyfinu skulu *tvær skýrslur* berast Umhverfisstofnun árlega fyrir 1. maí fyrir undangengið ár. Samkvæmt grein 4.4 í starfsleyfi skal vinna ársyfirlit rekstraraðila með samantekt á niðurstöðum skráninga og mælinga í eldinu. Ársyfirlit vegna ársins 2022 hefur ekki borist og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Samkvæmt

grein 4.5 í starfsleyfi skulu umhverfisupplýsingar um losun mengandi efna frá fyrirtækinu berast til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí árið á eftir.

Mælingakröfur er að finna í grein 4.3 í starfsleyfinu. Niðurstöður *mælinga* á COD og TOC vegna 2023 hafa borist en niðurstöður mælinga (2023) á fosfór og köfnunarefni hafa ekki borist. Samantekt á niðurstöðum mælinga og skráninga vegna 2023 skal berast í ársyfirliti fyrir 1. maí á þessu ári.

Farið var yfir aðrar kröfur í starfsleyfi s.s. kröfur um skráningar á umhverfisbreytum, hvaða tilkynningar skuli berast eftirlitsaðila og á hvaða formi, kröfu um ábyrgðartryggingu eða sambærilegt og kröfu um að rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið.

3. Umhverfisstofnun ákvarðar tíðni eftirlita hjá rekstraraðilum út frá umhverfisáhættu sem metin er í hverju eftirliti. Farið var yfir áhættumatið fyrir sæeyrnaeldið í Grindavík.

4. Engin óhöpp eða mengunarslys hafa orðið á árinu og engar kvartanir borist vegna starfseminnar. Farið var í skoðunarferð um eldið og aðstaðan í Grindavík skoðuð. Eins var ekið út á Reykjanes og til Sandgerðis til þess að skoða aðstöðuna þar. Ekki var tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 1.1 í starfsleyfi félagsins þar sem gefið er leyfi fyrir landeldi á sæeyrum í eldisstöð félagsins að Ægisgötu í Grindavík. Hluti af rekstri Sæbýlis reksturs ehf. fer nú fram á Reykjanesi og í Sandgerði.

ákvæði í grein 4.4 í starfsleyfi félagsins um að árlega skuli senda ársyfirlit rekstraraðila til Umhverfisstofnunar. Skil á gögnum eru fyrir 1. maí árið á eftir. Ársyfirlit vegna ársins 2022 hefur ekki borist Umhverfisstofnun.


ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að sækja um heimild fyrir rekstri sæeyrna á Reykjanesi og Sandgerði á meðan eldgos og jarðhræringar standa yfir í Grindavík.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.05.2024



Gottskálk Friðgeirsson